



Reykjavíkurborg

**Samstarf grunnskólanna í Grafarvogi og á  
Kjalarnesi**

**Námsmat og ábyrgð á eigin námi**

Höfundur skýrslu: Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla

**Efnisyfirlit**

1. Inngangur og markmið verkefnisins.....	2
2. Leiðir sem voru valdar til þess að ná markmiðinu .....	3
2.1 Skipulag, umfang og framkvæmd .....	3
3. Hindranir .....	5
4. Ávinningur .....	5
5. Mat á verkefninu.....	6
6. Niðurstöður.....	7
7. Kynning á verkefninu.....	9
8. Greinargerð um notkun styrkjár.....	10
Fylgiskjöl.....	10

## 1. *Inngangur og markmið verkefnisins*

Það er hefð fyrir faglegu samstarfi milli grunnskólanna í Grafarvogi og á Kjalarnesi dæmi um slíka samvinnu er sameiginleg lestrarstefna sem gefin var út í júní 2011.

Stjórnendur grunnskólanna tóku ákvörðun um að efla samstarfið enn frekar á fundi í júní 2014 og fara í samvinnu um innleiðingu á Aðalnámskrá grunnskóla.

Skólaárið 2014-2015 fengu skólarnir styrk frá Þróunarsjóði grunnskóla til þess að hafa samvinnu og samstarf um að innleiða nýja Aðalnámskrá grunnskóla í grunnskólum Grafarvogs og á Kjalarnesi. Eitt af megin markmiðum samvinnunnar er að hverfið verði öflugt lærdómssamfélag með skýra sýn og stefnu sem birtist í skólanámskrá skólana.

Skipaður var stýrihópur með fulltrúum frá öllum skólunum til þess að halda utan um verkefnið. Skipulagði stýrihópurinn samvinnu um skólanámskrár vinnu sem kennarar allra skólanna tóku þátt í. Stýrihópurinn útbjó sniðmát þar sem kennarar settu inn hæfniviðmið úr Aðalnámskrá fyrir hvern aldurshóp og tiltóku leiðir að hæfniviðmiðunum.

Skólaárið 2015-2016 fengu skólarnir styrk úr sprotasjóði til þess að endurskoða námsmat í tengslum við innleiðingu á Aðalnámskrá grunnskóla.

Stýrihópur skipaður fulltrúum allra skólanna tók að sér að halda utan um verkefnið og vera tengiliður við stjórnendur og kennara í sínum skólum.

### **Meginmarkmið verkefnisins samkvæmt umsókn til Sprotasjóðs**

Meginmarkmiðið er endurskoðun á námsmati í tengslum við innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá í Grunnskólum Grafarvogs og Kjalarnesi og efla um leið faglega samvinnu milli kennara í skólahverfinu í anda kenninga um lærdómssamfélag.

### **Markmið**

Að bæta námsskipulag/námsumhverfi

Að tengja námsmat við hæfniviðmið

Að námsmat verði leiðbeinandi fyrir nemendur og auðveldi þeim að setja sér markmið í námi.

Að námsmat auðveldi nemendum/kennurum/foreldrum að meta framfarir nemenda og verði hvetjandi.

### **Áætlaður afrakstur**

Gerð verði matsviðmið sem taka mið af hæfniviðmiðum sem sett hafa verið fram í Aðalnámskrám og skólanámskrá allra skólanna sem taka þátt í verkefninu.

Námsmatsviðmiðin verði sett upp rafrænt og tengd hæfniviðmiðunum þannig auðvelt verði fyrir nemendur /foreldra að sjá námslega stöðu nemenda.

Fjölbreytt námsmat sem metur alla þætti námsins, þekkingu, hæfni og leikni.

Nemendur í 1. -10. bekk búi til verkmöppur sem geta verið unnar með margívslægum hætti m.a. rafrænar. Verkmöppurnar verði hluti af námsmati nemenda og verkefni í þeim verði metin af nemendum sjálfum, foreldrum og kennurum.

Að auðvelt verði fyrir nemendur að meta námslega stöðu sína út námsmatinu/leiðsagnarmat og vinna námsáætlanir sínar út frá niðurstöðum þess með aðstoð kennara og foreldra. Þannig fá nemendur þjálfun í að taka þannig ábyrgð á eigin námi samhliða auknum þroska.

Sjálfsmatslistar fyrir nemendur sem eru þannig framsettir að nemendur fái þjálfun í að meta nám sitt sjálfir. Sjálfsmatslistarnir taki mið af aldri og þroska nemanda.

Rafrænar leiðbeiningar fyrir kennara um notkun á verkmöppum og leiðir að fjölbreyttu námsmati.

## *2. Leiðir sem voru valdar til þess að ná markmiðinu*

### *2.1 Skipulag, umfang og framkvæmd*

Stýrihópur/ framkvæmdahópur var skipaður utan um verkefnið verkefnið í júní 2015 skipaður fulltrúum úr öllum þátttökuskólunum. Hópurinn er framkvæmdahópur sem hefur tengsl við stýrihópa sem eru starfandi í hverjum skóla fyrir sig og halda utan um vinnu við innleiðingu á Aðalnámskrá grunnskóla.

Stýrihópurinn skipa: Árný Inga Pálsdóttir skólustjóri Kelduskóla og er hún jafnframt verkefnisstjóri, Álfheiður Einarsdóttir deildarstjóri Vættaskóla, Erna Jessen kennari Foldaskóla, Júlíana Hauksdóttir aðstoðarskólustjóri Hamraskóla, Katrín Cýrusdóttir deildarstjóri Klébergsskóla, Hrafnhildur Halldórsdóttir deildarstjóri Rimaskóla, Þórdís Pálsdóttir kennari Húsaskóla.

Framkvæmd verkefnisins: Stýrihópurinn skipulagði vinnuna ásamt því að kynna verkefnið fyrir kennurum og stjórnendum í sínum skóla og ræða það.

Stýrihópurinn hittist á sautján vinnufundum í 2-3 klukkustundir í senn frá því í október 2015 og fram í júní 2016. Á fyrstu fundunum var framkvæmdin skipulögð en síðan tóku við vinnufundir. Þátttakendur í stýrihópnum lásu sér til um námsmat og kynntu sér mismunandi útfærslur milli funda. Einnig fékk hópurinn kynningu frá Mentor og Námsfús á rafrænni útfærslu námsmats. Þátttakendur í verkefninu voru kennarar allra þátttökuskólanna en skipulagið á þeirri vinnu var mismunandi milli skóla.

Hér á efir má sjá hvernig framkvæmdinni og viðfangefninu var skipt upp.

### **Kynning á námsmati**

Stýrihópurinn útbjó glærुकynningu á námsmati sem nýtt var í öllum skólum. Í kynningunni kom fram hver munurinn er á lokamati og leiðsagnarmati. Kynntar voru mismunandi aðferðir við leiðsagnamat. Út frá þessari kynningu var umræða tekin um

þær breytingar sem yrði að gera á námsmati til þess að það uppfyllti kröfur aðalnámskrár.

### **Sniðmát og matsviðmið**

Hópurinn nýtti sér sniðmát fyrir allar námsgreinar og aldurstig sem útbúið var skólaárið 2014-2015. Í sniðmátinu fyrir skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í viðkomandi námsgrein og hæfniviðmiðunum er skipt niður á aldurshópa þannig að ljóst sé hvenær á að taka hvert hæfniviðmið fyrir og einnig hvaða leiðir eru viðhafðar til þess að ná þeim fram. Einnig er í sniðmátinu gert ráð fyrir að settir séu fram matskvarðar fyrir hvert hæfniviðmið.

Stýrihópurinn flokkaði matsviðmiðin í 10. bekk sem gefin hafa verið út í aðalnámskrá og Menntamálastofnun, tengdu matsviðmiðin við hæfniviðmiðin. Einnig flokkaði hópurinn drög að matsviðmiðum sem gefin hafa verið út fyrir 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði með sama hætti og gert var í 10. bekk og settu inn í sniðmátið.

Sjá fylgiskjal 1

Vinna fór fram í öllum grunnskólunum í hverfinu við frekari útfærslu á skólanámskrá í öllum námsgreinum og á öllum aldurstigum þar sem sniðmátið var lagt til grundvallar. Kennarar skilgreindu hvaða námsþætti þyrfti að vinna með til þess að ná hæfniviðmiðunum og þeim leiðum sem settar höfðu verið fram. Einnig unnu kennarar að því að setja fram matsviðmið fyrir hæfniviðmið í öllum námsgreinum og á öllum aldurstigum. Sjá fylgiskjal 2

Kennarar allra skólanna fengu kynningu á því hvernig hægt væri að halda utan um hæfnimiðað námsmat með rafrænum hætti.

Kennarar í Klébergsskóla tóku forystu í útfærslu á nýju námsmati og kynntu fyrir kennurum skólanna í hverfinu. Einnig fékk starfsfólk Menntamálastofnunar kynningu á vinnu Klébergsskóla og nýttu það í kynningarefni stofnunarinnar sem sett hefur verið á netið og tilgreindu það sem fyrirmyndarvinnu í sínum kynningum um námsmat.

### **Rafræn handbók fyrir kennara um námsmat þ.e. leiðsagnarmat og lokamat**

Það var strax ljóst að kennarar þyrftu að taka allt námsmat og matskvarða til endurskoðunar til þess að geta uppfyllt kröfur aðalnámskrár um námsmat. Stýrihópurinn ákvað að til þess að ná markmiðum verkefnisins þyrftu kennarar bæði að taka virkan þátt í umræðum um námsmat og fá góðar leiðbeiningar til þess að styðjast við þannig að auðveldara yrði að fóta sig í nýju námsmatumhverfi. Því var ákveðið að semja rafræna handbók fyrir kennara um námsmat, rafræna flettibók. Stýrihópurinn vann slíkar leiðbeiningar þar sem farið er í skilgreiningar á námsmati og gefin ítarleg dæmi um mismunandi leiðir bæði við lokamat og leiðsagnarmat. Einnig fylgja með krækjur inn á mismunandi útfærslur á mati sem nýtast kennurum. Sjá meðfylgjandi handbók og matslista.

### 3. Hindranir

Það var markmið stýrihópsins sem hélt utan um verkefnið að vera trúr þeim markmiðum sem sett voru fyrir verkefnið og sett eru fram í umsókninni til sprotasjóðs.

Stærsta hindrunin á þeirri leið var að umræðan vildi snúast um of í upphafi um það bæði hjá kennurum og stjórnendum skólanna hvaða leiðir ætti að fara til þess að útfæra námsmat í 10. bekk þannig að það uppfyllti kröfur aðalnámskrár og nýjan matskvarða vorið 2016. Sú umræða kom upp að stytta sér þá leið með því að umreikna tölur yfir í bókstafi og að skólarnir myndu samræma þann kvarða. Stýrihópurinn ákvað að vera trúr markmiðum verkefnisins og það væri ekki í hans höndum að samræma slíkt heldur að vera leiðandi við útfærslu námsmats í takt við matskvarða og matsviðmið í aðalnámskrá. Þannig að afraksturinn yrði ný vinnubrögð við námsmat á því yrði enginn afsláttur. Þar sem það er skýrt tekið fram í leiðbeiningum Menntamálastofnunar fyrir kennara að nýr matskvarði er viðmiðabundinn og á ekki að reikna út meðaltal einkunna, nota hlutfall eða varpa tölum í bókstafi. Fram kom á fundum með fulltrúum Menntamálastofnunar með kennurum á liðnu skólaári að horft yrði í gegnum fingur sér vorið 2016 þó skólar færu þá leið að umreikna tölur yfir í bókstafi en þannig yrði það ekki þannig framvegis.

Það reyndist hindrun í þessari vinnu að matsviðmið hafa ekki verið gefin út nema í drögum fyrir 4. -7.bekk og þá einungis í þremur námsgreinum.

Einnig reyndist hindrun í starfinu að upplýsingagiöf frá stýrihópnum var ekki nægilega vel tryggð inn í alla skólana.

### 4. Ávinningur

Ávinningur verkefnisins er að við samvinnu í stýrihópnum varð til sameiginlegur skilningur á hvernig útfæra megi námsmat í takt við hæfniviðmið og matsviðmið. Sá skilningur skilaði sér inn í alla skólana með faglegri umræðu í kennarahópnum.

Innleiðing á nýju námsmati gekk hraðar fyrir sig þar sem unnið var upp í hendurnar á kennurum ákveðið form sem þeir geta nýtt sér við útfærslu á námsmati í takt við sína kennslu. Með samvinnu um verkefnið skilaði þekking sér milli skóla.

Við þróunarvinnu eins og þessa verða til samlegðaráhrif og til varð ný þekking. Faglega sterkir kennarar sem hafa verið að nota fjölbreytt námsmat fengu hvatningu og þeirra þekking skilaði sér til fleiri kennara. Kennarar fá hugmyndir að fjölbreyttum leiðum sem hægt er að fara við námsmat.

Allir grunnskólar í Grafavogi og á Kjalarnesi hafa bein not af sameiginlegum skólanámskrám sem unnar voru fyrir hverja námsgrein og aldurstig. Kennarar munu nýta skólanámskránnu og vinna sínar kennsluáætlanir út frá henni fyrir skólaárið 2015-

2016. Þannig eru bein hagnýt not af verkefninu fyrir alla þátttökuskólanna. Einnig geta aðrir skólar nýtt sér vinnuna.

Sömuleiðis verður auðveldara fyrir foreldra að nálgast skólanámsskrár og sjá hvernig þær tengjast Aðalnámskrá grunnskóla þegar hæfniviðmiðin hafa verið sett upp rafrænt og- /eða birt á heimsíðu.

## 5. Mat á verkefninu

Óformlegt mat. Það hefur komið fram í óformlegu mati kennara í skólunum að þeim hefur þótt gott að fá faglegan stuðning við útfærslu á innleiðingu á nýrri aðalnámskrá. Jafnframt kalla kennarar eftir meiri samvinnu milli kennara grunnskólanna við frekri útfærslu á námsmati á næsta skólaári og vilja deila á milli sín hugmyndum.

Kennarar telja slíka samvinnu gagnlega og hún verði til þess styrkja þá faglega. Einnig telja kennarar að þetta auðveldi og auki samvinnu milli skóla.

Formlegt mat stýrihóps fór fram í maí og var þá metið hvort markmið verkefnisins hefðu náðst og einnig farið yfir hvort tímaáætlun hefði staðist.

Hópurinn telur að markmið verkefnisins hafi náðst og áætlaður afrakstur er tilbúinn. Rafræn handbók með leiðbeiningum fyrir kennara um útfærslu námsmats hefur verið unnin og í handbókinni má finna hagnýt dæmi um útfærslur og krækjur inn á rubrics lista sem kennarar geta nýtt sér. Sameiginlegur grunnur að skólanámskrá fyrir allar námsgreinar og fyrir öll aldurstig hefur verið unnin. Í þessum grunni kemur fram hvernig vinna á með grunnþættina og hæfniviðmiðum, matviðmiðum hefur verið skipt niður á aldurshópa og leiðir að þeim tilteknar.

Tímarammi stóðst og unnið var eftir þeim ramma sem var settur í upphafi.

Stjórnendur í hverfinu hafa lýst yfir ánægju sinni með verkefnið og telja að það flýti fyrir innleiðingu á nýjum vinnuaðferðum við námsmat og fjölbreyttari leiðum.

Það er mat hópsins að auðveldara verður að fylgja því eftir að allir kennarar vinni í takt við nýjar leiðir við útfærslu námsmats um leið og þeir hafa handhægar leiðbeiningar við höndina og taki þátt í faglegum umræðum innan skólanna og milli skólanna um útfærslu námsmats.

Leiðbeinandi námsmat hefur bein áhrif á námsumhverfi nemenda og auðveldar þeim að gera sér grein fyrir námframvindu sinni og setja sér raunhæf markmið með aðstoð foreldra og kennara. Einnig fá nemendur í auknum mæli matskvarða sem þeir geta nýtt sér við sjálfsmat sem ýtir undir aukna ábyrgð nemenda á eigin námi.

Hins vegar er alveg ljóst að halda þarf áfram með þessa innleiðingarvinnu, ný vinnubrögð við námsmat þarf að þróa. Það er mat hópsins að ramminn utan um nýtt námsmat hefur verið unninn, leiðbeiningar eru tilbúnar en það þarf faglega forystu til

Þess að fylgja vinnunni eftir og skapa ramma utan um faglegt samstarf kennara við þá útfærslu.

## 6. Niðurstöður

### Hvað kom fram við framkvæmd verkefnisins?

Þegar vinnan hófst við verkefnið með kynningu á leiðum og útfærslu á námsmati undir forystu þátttakenda í stýrihópnum að þá kom í ljós að kennarar voru misvel undirbúnir undir þá breytingu á námsmati sem gerð er krafa um í Aðalnámskrá.

Kennurum óx í augum að tengja námsmatið hæfniviðmiðum og matsviðmiðum og nýta nýjan matskvarða framsetningu námsmats.

Faglega umræða um námsmat var nauðsynleg til þess að geta hafist handa við þá vinnu og umræða um umreikning talna í nýjan matskvarða flækti málin og tafði framkvæmdina.

Ljóst var að það þurfti faglega forystu við innleiðingu á nýjum matskvarða og eina leiðin til þess að ná því væri breytingar á framkvæmd námsmats í skólunum.

### Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Segja má að markmiðin hafi náðst. Það sem er til marks um það er að ramminn utan um útfærslu á nýju námsmati hefur verið unnin, hér er átt við nýjar skólanámskrár sem allir kennarar hafa tekið þátt í að vinna og búið er að útbúa rafræna handbók um námsmat. Fagleg umræða sem hefur skapað sameiginlegan skilning í þáttökuskólunum hefur átt sér stað. Útfærsla á námsmati eftir nýjum matskvarða sem tengdur er hæfniviðmiðum og matsviðmiðum hefur verið unnin í 10. bekk, gott dæmi um það er vinna kennara Klébergsskóla sem Menntamálastofnun hefur nýtt sem dæmi um fyrirmyndarvinnu. Hins vegar er alveg ljóst að framundan er áframhaldandi vinna í öllum þáttökuskólunum til þess að hægt verði að segja að nýr matskvarði hafi verið tekin upp og að námsmat hafi verið tengt hæfni- og matsviðmiðum að öllu leyti.

### Áætlaður afrakstur

*Gerð verði matsviðmið sem taka mið af hæfniviðmiðum sem sett hafa verið fram í aðalnámskrá og skólanámskrá allra skólanna sem taka þátt í verkefninu. Slík vinna hefur farið fram í þáttökuskólunum, sjá meðfylgjandi sýnishorn frá Kelduskóla.*

*Námsmatsviðmiðin verði sett upp í Mentor og tengd hæfniviðmiðunum þannig auðvelt verði fyrir nemendur /foreldra að sjá námslega stöðu nemenda.*

Þetta hefur verið framkvæmt og gátu nemendur og foreldrar í 10. bekk séð hvað lá að baki einkunnagjöf með nýjum matskvarða við útskrift í júní þ.e.a.s. það lá alveg ljóst fyrir hvaða matsviðmið nemendur höfðu náð að tileinka sér.

*Fjölbreytt námsmat sem metur alla þætti námsins, þekkingu, hæfni og leikni.*



Fjölbreytt námsmat sem tekur á þessum þáttum tekur tíma að þróa, segja má að tekist hafi að skapa sameiginlegan skilning og faglega umræðu um fjölbreytt námsmat sem tekur mið af hæfni. Hægt er að finna dæmi um slíkt námsmat í skólunum en framundan er vinna á næsta skólaári við að halda þeirri þróun áfram og til þess að slíkt megi takast þarf markvissa samvinnu kennara undir faglegrri forystu.

*Nemendur í 1.-10. bekk búi til verkmöppur sem geta verið unnar með margvíslegum hætti m.a. rafrænar. Verkmöppurnar verði hluti af námsmati nemenda og verkefni í þeim verði metin af nemendum sjálfum, foreldrum og kennurum.*

Þetta er dæmi um eina leið af mörgum í fjölbreyttu námsmati og er hefð fyrir henni í ákveðnum þátttökuskólum. Það þarf að halda áfram að þróa útfærslu á verkmöppunum og þá þá sérstaklega þegar kemur að því virkja nemendur og foreldra við að meta ákveðna þætti.

*Að auðvelt verði fyrir nemendur að meta námslega stöðu sína út frá námsmatinu/leiðsagnarmati og vinna námsáætlanir sínar út frá niðurstöðum þess með aðstoð kennara og foreldra. Þannig fá nemendur þjálfun í að taka ábyrgð á eigin námi samhliða auknum þroska.*

Það má segja að ný framsetning í skólanámskrá sem þegar hefur verið unnin þar sem hæfniviðmið og matsviðmið eru tengd saman auðveldi nemendum og foreldrum að sjá hvert er stefnt og hvað eigi að meta.

Einnig gerir rafræn framsetning á námsframvindu nemendum og foreldrum auðveldara að fylgjast með. Slík framsetning er mislangt komin í þátttökuskólunum en allir eru á sömu leið og hægt að fullyrða að þessi vinnubrögð verði innleidd að fullu á næsta skólaári.

*Sjálfsmatslistar fyrir nemendur sem eru þannig framsettir að nemendur fái þjálfun í að meta nám sitt sjálfir. Sjálfsmatslistarnir taki mið af aldri og þroska nemenda.*

Stýrihópurinn hefur safnað saman dæmum um slíka lista frá þátttökuskólunum og einnig fundið góð dæmi um slíka lista annars staðar frá og tengt rafrænu handbókinni. Þannig eiga allir kennarar að geta auðveldlega útfært slíka matslista.

*Rafrænar leiðbeiningar fyrir kennara um notkun á verkmöppum og leiðir að fjölbreyttu námsmati.*

Rafræn handbók hefur verið útbúin fyrir kennara sem tekur til fleiri þátta en lagt var upp með. Stýrihópurinn áttaði sig á eftir samræður við kennara um námsmat hvað gagnlegt væri að setja fram í slíka handbók.

Eitt af þeim markmiðum sem haft var að leiðarljósi við vinnuna var að námsmat á að vera fjölbætt og miða að því að leiðbeina og hvetja nemendur til að leggja sig fram og auðvelða skólum að skipuleggja nám við hæfi hvers og eins. Finna má dæmi um fjölbreyttar leiðir við námsmat í rafrænu handbókinni og óhætt að fullyrða að ef kennurum tekst vel að nýta sér þær fjölmörgu leiðir sem þar koma fram að þá náist ofangreint markmið.

**Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?**

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu að þá er enn verk að vinna við útfærslu á námsmati sem er í takt við kröfur aðalnámskrár. Það má segja að verkefnið Námsmat og ábyrgð á eigin námi sem sprotasjóður styrkti hafi gert það kleift að leggja góðan grunn að því að hægt sé að innleiða fjölbreytt og upplýsandi námsmat sem tekur mið af hæfniviðmiðum tengdum matsviðmiðum í þátttökuskólunum. Mikið hefur áunnist í þeirri vinnu á skólaárinu 2015-2016 og verður þeirri vinnu framhaldið skólaárið 2016-2017 og gott að hafa í huga að tíma tekur að festa ný vinnubrögð í sessi.

Segja má að þátttökuskólarnir í þessu verkefni hafi tekið ákveðna forystu í námsmatsvinnunni og ef áhugi er á því að því að aðrir skólar nýtti sér þessa vinnu er sá möguleiki fyrir hendi. Rafræna handbókin um námsmat á að geta nýst öllum kennurum. Einnig getur það módel sem unnið er eftir í Grafarvogi undir yfirskriftinni Hverfi sem lærir, verið öðrum skólum til fyrirmyndar því samvinna sem þessi skilar betra námsumhverfi fyrir nemendur og frjóu starfsumhverfi fyrir starfsfólk þátttökuskólanna.

## 7. *Kynning á verkefninu*

Verkefnið var kynnt fyrir kennurum allra þátttökuskólanna jafnt og þétt á skólaárinu. Þannig gafst öllum kennurum tækifæri til að taka þátt í faglegri umræðu um verkefnið og eignast hlutdeild í því og var það forsenda þeirrar vinnu sem farið hefur fram.

Þátttakendur í stýrihópnum hafa séð um kynningar hver í sínum skóla og munu taka þráðinn upp strax í ágúst og kynna fyrir kennurum efni rafrænu handbókarinnar um námsmat.

Stýrihópurinn kynnti verkefnið fyrir öllum stjórnendum í hverfinu með formlegum hætti á fundi 15. apríl.

Stefnt er að því að kynna verkefnið fyrir skrifstofu- og sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs og sett í þeirra hendur hvort kynna eigi verkefnið fyrir kennurum og/eða stjórnendum í Reykjavík.

## 8. Greinargerð um notkun styrkjár

Styrkurinn var 1.000.000 kr og var ráðstafað með eftirfarandi hætti.

	kostnaður	Tekjur
Kostnaður við uppsetningu á rafrænni handbók	150.000 kr	
Þóknun til fulltrúa í stýrihóp 1x	154.000 kr	
Þóknun til fulltrúa í stýrihóp 6 x 116.000 kr	696.000 kr	
Styrkur frá Sprotasjóði		1.000.000 kr
<b>Samtals</b>	<b>1.000.000 kr</b>	<b>1.000.000kr</b>

### Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Sniðmát utan um skólanámskrá með matsviðmiðum, sýnishorn íslenska

Fylgiskjal 2

Sýnishorn úr skólanámskrá, stærðfræði í 1. -7.bekk með matsviðmiðum

Fylgiskjal 3

Rafræn handbók um námsmat og sýnishorn matslista

[https://issuu.com/namsmatgrafarvogs/docs/na\\_msmat-09.08.16](https://issuu.com/namsmatgrafarvogs/docs/na_msmat-09.08.16)

[https://issuu.com/namsmatgrafarvogs/docs/na\\_msmat-matslistar-09.08.16?utm\\_source=conversion\\_success&utm\\_campaign=Transactional&utm\\_medium=email](https://issuu.com/namsmatgrafarvogs/docs/na_msmat-matslistar-09.08.16?utm_source=conversion_success&utm_campaign=Transactional&utm_medium=email)